

Sólin nálgast Ólafsvík



Eftir að Ólsarar hafa þurft að þola sólarleysi um nokkurra vikna skeið horfið nú allt til betri vegar, þann 24. janúar er miðað við að sólin nái að skína á hafnarvæði Ólafsvíkur, þ.e.a.s. ef ekki er skýjað.

Myndin er tekin 23. janúar og sést vel að ekki vantar mikið uppá, daginn eftir komu ský í veg fyrir að sólin næði til Ólafsvíkur.

Hefð er fyrir því að Kvenfélag Ólafsvíkur baki sólarpönnukökur í tilefni af komu sólarinnar eftir vetrarfrí, lítill fugl kvíslaði því að þeim sem þetta skrifar að pönnukökurnar verði bakaðar 9. febrúar, því geta bæjarbúar hlakkað til að fá sólarpönnukökur fljótlega eftir að mesta súrbragðið er farið úr mönnum eftir þorrablótið sem verður haldið um helgina.

Garðfuglatalning um helgina

Árlega fitjar Fuglavernd upp á talningu garðfugla yfir eina helgi. Venjulega er um að ræða síðustu helgina í janúar. Gott er að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að hefja daglegar fóðurgjafir til að lokka að fugla.

Framkvæmd athugunarinnar er einföld. Það eina sem þátttakandi þarf að gera er að fylgjast með garði í einn klukkutíma yfir

tiltekna helgi. Skrá hjá sér hvaða fugla viðkomandi sér og mesta fjölda af hverri tegund á meðan athugin stendur yfir, þ.e. þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir.

Á heimasíðu fuglaverndar - fuglavernd.is, er hægt að fræðast betur um Garðfuglahelgina og nálgast upplýsingar um hvernig er best að skrá fugla.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Mannamót markaðstofa landshlutanna

Mannamót markaðstofa landshlutanna 2023 fór fram í Kórnum í Kópavogi fimmtudaginn 19. janúar síðastliðinn. Mannamót er stærsta ferðakaupstefnan sem haldin er hérlendis en þar er ferðaþjónusta á landsbyggðinni gert auðveldara fyrir að kynna þjónustu sína fyrir fólki í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Þar gefst fulltrúum fyrirtækja tækifæri til að hitta fólk af öllu landinu og skapa viðskiptasambönd sem skila ferðamönnum til landsins allan ársins hring. Markaðstofur landshlutanna starfa með um 900 fyrirtækjum og sveitarfélögum um allt land en um 230 fulltrúar fyrirtækja mættu á viðburðinn í Kórnum 19. janúar, bæði lítil og stór. Þá voru yfir 600 gestir sem mættu til að kynna sér starfsemi þessarra tæplega 230 fyrirtækja, fulltrúar frá ferðaskrifstofum og aðrir hugsanlegir kaupendur á þjónustu, upplifun og ferðamöguleikum utan höfuðborgarinnar og nágrennis hennar.

Samkvæmt vefsíðu markaðstofa landshlutanna mættu 37 ferðaþjónustufyrirtæki af Vesturlandi á viðburðinn til að kynna þjónustu sína og voru sjö þeirra úr Snæfellsbæ eða um 18%. Það voru Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Vatnshellir, Glacier Paradise, Hótel Búðir, Lýsulaugar og Hótel Langaholt. Önnur fyrirtæki staðsett á Snæfellsnesi á staðnum voru Drangar country guesthouse, Hjá



Góðu fólki og Miðhraun - Lava resort.

Til að hafa tækifæri til að taka þátt í Mannamótum þurfa ferðaþjónustufyrirtækin að vera í samstarfi við Markaðstofu Vesturlands, eða þess landshluta sem viðkomandi fyrirtæki er á. Er þessi viðburður frábært tækifæri fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni til að sýna kaupendum á þjónustunni að þau séu tilbúin til að taka á móti gestum og sýna hve stolt við erum af svæðinu, náttúrunni og því sem ferðaþjónustan á svæðinu býður upp á.

sj



Fann símann með hjálp samfélagsmiðla

Cieran Davison er breskur puttaferðalangur sem var á ferð um Snæfellsnes þann 18. janúar síðastliðinn. Þegar hann var við afleggjarann upp á Fróðarheiði áttaði hann sig á því að hann hafði týnt símanum sínum. Stuttu áður hafði hann þegið far frá heimamanni og grunaði að síminn hefði orðið eftir í þeim bíl. Síminn er mikilvægt tól á ferðalagi hans en tækið geymir meðal annars flugmiða og aðrar upplýsingar sem eru honum nauðsynlegar. Cieran hélt því aftur til Ólafsvíkur og vonaðist til þess að geta fundið þann sem veitti honum farið stuttu áður. Á meðan hann beið og vonaðist til þess að finna viðkomandi hélt hann til í Söluskála ÓK. Þegar hefðbundnum opnunartíma lauk var honum boðið heim til eiganda söluskálans, þeirra Ólínu og Þórar. Ólína birti ákall á samfélagsmiðlum og vonaðist til þess ökuumaðurinn myndi sjá færsluna og skila símanum.



Mikill fjöldi deildi færslunni en um 1500 manns hafa deilt færslunni þegar þetta er skrifað. Sólarring eftir að færslan birtist á Facebook fannst bílstjórinn með hjálp samfélagsmiðla og var símanum komið aftur í hendur Cierans. Samtakamáttur samfélagsins varð til þess að hann gat loksins haldið ferð sinni áfram og græðir skemmtilega sögu um íslandsferð sína í kaupþæti.

jj

Getraunir 1x2

Veðrið og aðstæður síðasta laugardag buðu ekki upp í mikla mætingu hjá okkur, en gangandi vegfarendur áttu erfitt um vik sökum mikillar hálfu og vinds. En þeir hördustu mættu og tippuðu nokkrar raðir. Hópurinn setti í smá vinning á stóra seðlinum, með 11 réttum úrslitum af 13 þannig að spekingarnir eru á rétttri leið, en biða samt

enn eftir þeim stóra, sem stefnt hefur verið á, í allan vetur. Aðrir voru nokkuð frá sínu besta. Við verðum að sjálfsgöngu áfram með getraunakaffi á laugardaginn í Áttahagstofunni á milli klukkan 11.00 og 12.00 og allir velkomnir.

Áfram Víkingur



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Álagning fasteignagjalda 2023

Álagningu fasteignagjalda 2023 er nú lokið.

Álagningarseðlar fasteignagjalda fyrir árið 2023 verða sem fyrr **ekki sendir út í pappír**, heldur munu þeir verða aðgengilegir rafrænt í gegnum www.island.is.

Ef óskað er eftir því að fá álagningarseðil sendan, vinsamlegast hafið samband við bæjarritara í síma 433-6900 eða á netfangið lilja@snb.is

Greiðsluseðlar verða heldur **ekki sendir út í pappír** nema þess sé sérlega óskað. Ef óskað er eftir því að fá senda greiðsluseðla, vinsamlegast hafið samband í síma 433-6900 eða á netfangið lilja@snb.is

Greiðsluseðlar eru aðgengilegir rafrænt í heimabönkum einstaklinga og fyrirtækja undir rafræn skjöl

Gjalddagar fasteignagjalda verða átta, frá 1. febrúar til og með 1. september 2023.

Ef fasteignagjöld eru gerð upp að fullu fyrir 15. mars 2023 fæst 3% staðgreiðsluafsláttur.

Hægt er að greiða fasteignagjöld með boðgreiðslum, og ef þess er óskað, vinsamlegast hafið samband við skrifstofur Snæfellsbæjar sem fyrst.

Afsláttur fasteignaskatts á íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður við álagningu fasteignagjalda. Afslátturinn er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna skv. skattframtali.

Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um þennan afslátt.

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið lilja@snb.is eða hringja í síma 433-6900.



Breytingar á sorphirðu í Snæfellsbæ



Um áramótin tóku gildi nýjar reglur um hvernig haga skuli sorphirðu í sveitarfélögum á Íslandi. „Hringrásarhagkerfi“ er þetta kallað sem hefur það að markmiði að við framleiðum sem minnst af úrgangi og endurnýtum sem mest af því sem fellur til á heimilum landsmanna í stað þess að henda í urðun, engum til gagns.

Á árinu 2023 verður sem sagt innleitt nýtt flokkunarkerfi þar sem fjórum úrgangsflokkum verður safnað við hvert heimili auk tveggja flokka sem íbúar þurfa að fara með á grenndarstöðvar. Þetta verður stórt framfaraskref í umhverfis- og loftslagsmálum.

Hjá okkur í Snæfellsbæ verður farið í nýja kerfið um mitt þetta ár og þá mun m.a. koma í ljós hversu margar tonnir verða við hvert hús, en þegar þetta er skrifað liggur það ekki ljóst fyrir.

Þegar nær dregur mun Snæfellsbær láta íbúa vita með góðum fyrirvara hvernig þessu verður háttað og jafnframt gefa út kynningarefni þannig að íbúar geti flokkað á þann hátt sem vera ber.

Á hverju heimili verður fjórum

úrgangsflokkum safnað, þ.e. matarleifum, pappír og pappa, plastumbúðum og blönduðum úrgangi. Þessu til viðbótar verður tveimur flokkum safnað á grenndarstöðvum, þ.e. málmum og gleri.

Eðlilegt er að fólk spyrji sig hvað það þurfi að flokka heim við hús:

Í tunnu fyrir matarleifar fer meðal annars:

eggjaskurn
matarleifar með beini
kaffikorgur
fiskiúrgangur

Í tunnu fyrir plastumbúðir fer meðal annars:

snakkpokar
plastfilma
plastpokar
sjampóbrúsar

Í tunnu fyrir pappír og pappa fer meðal annars:

dagblöð
pappírumbúðir
bréfpokar
pítasakassar

Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fer meðal annars:

dömubindi
blautklútar
bleyjur
ryksugupokar

Til viðbótar við fjögurra flokka kerfi við heimili verða settir upp grenndargámar í hverjum þéttbýliskjarna þar sem gleri- og málmumbúðum verður safnað. Ekki er komið á hreint hvernig við högum söfnun á þessum flokkum í dreifbýli Snæfellsbæjar en það skýrist þegar nær dregur.

Gleri, málmum, textíl og skilagjaldsskyldum umbúðum verður safnað á grenndarstöðvum en staðsetning þeirra verður kynnt síðar.

Snæfellsbær hefur ráðið til sín Stefán Gíslason umhverfisfræðing frá fyrirtækinu UMÍS ehf til að hjálpa sveitarfélaginu við innleiðingu á kerfinu, því miklu skiptir að ferlið takist eins vel og kostur er.

Það er ljóst að hér er um miklar breytingar að ræða, en í Snæfellsbæ erum við þó vel sett þar sem við höfum verið með grænu tunnuna og erum orðin von að flokka. Aðalbreytingin er flokkunin heima í fjóra flokka eins og áður segir og grenndarstöðvarnar.


Það væri ágætt ef íbúar myndu undirbúa sig fyrir þessar breytingar, t.d. með því að huga að því hvernig best sé að flokka heima

fyrir í umrædda 4 flokka auk þeirra 2 sem þarf að fara með á grenndarstöðvar. Gott er að koma upp góðu skipulagi með því t.d. að koma sér upp ílátum og hugsa hvar best sé að staðsetja þau á heimilinu. Ef til vill vex þetta einhverjum í augum, en höfum það hugfast að milljónir manna og heimila eru að flokka samkvæmt svipuðu kerfi og gengur ágætlega.

Snæfellsbær mun leggja sig fram um að upplýsa íbúa sveitarfélagsins eins og áður segir eins vel og hægt verður um gang mála í innleiðingarferlinu og biðjum við íbúa að kynna sér vel allt það efni sem mun koma frá sveitarfélaginu þegar nær dregur.

Hlökkum til samstarfsins ágætu íbúar.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Sjókonan frumsýnd



Franska kvikmyndahátíðin er nú í fullum gangi í Bíó paradís í Reykjavík. Hátíðin stendur yfir frá 20.-29. janúar en meðal kvikmyndanna sem verða sýndar er myndin Grand Marin eða Sjókonan. Grand Marin er gerð eftir margverðlaunaðri franskri bók sem fjallar um konu sem verður eini kvenkyns meðlimurinn í áhöfn íslensks fiskveiðibáts þar sem hún þarf að sanna tilveru rétt sinn. Dinaru Drukanova er leikstjóri myndarinnar en hún leikur einnig aðalhlutverkið. Myndin var meðal annars tekin

upp í Snæfellsbæ og um borð í bátum Agli SH 195 sumarið 2021. Frumsýning myndarinnar fór fram á Frönsku kvikmyndahátíðinni síðastliðinn sunnudag og verður hún sýnd nokkrum sinnum á meðan hátíðin stendur yfir.

Meðfylgjandi mynd tók Irma Dögg Toftum á frumsýningunni en á henni eru sjómenn af Agli þeir Jens Brynjólfsson, Benedikt Jónsson, Sigurður Jónsson og Jón Sigurðsson, á milli þeirra er leikstjórinn Dinaru Drukanova.

.jj



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Gjaldskrá vegna félagsheimilisins á Lýsuhóli 2023

a) Dansleikir/veislur (allt húsið - án STEF gjalda)		85.000
~ húsaleiga	kr.	50.000
~ þrif á húsinu	kr.	35.000
~ dúkaleiga (valkvætt)	kr.	20.000
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags)	kr.	135.000
c) Fundir - kaffisalurinn	kr.	15.000
c) Fundir - félagsamtök með eignarhaldi	kr.	4.000

- * Eldhús skal ALLTAF vera frágengið eins og að var komið (sjá húsreglur).
- * Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (**samráð við umsjónarmann**).
- * Þrif eru ekki innifalin í leiguverði, nema skv. lið a, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á kaffisal	kr.	20.000
~ Þrif á stóra salnum	kr.	35.000
- * Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
~ Samið er um verð við umsjónarmann
- * Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Félagsheimilið er ábyrgt fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka.
Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.



Lituðu eldfjall í snjóinn

Þó að flestir fullorðnir telji sig geta verið án þess að fá meiri snjó í vetur þá eru börnin á öðru máli. Börnin sjá endalausa möguleika í að leika sér í snjó og kulda, krakkarnir á elstu deild leikskólans Krílakots, Rauðu deildinni, eru ekki undanþegin og í síðustu viku fóru þau út í köldu en góðu veðri til að leika sér. Hugmynd kom upp um að lita snjóinn og var látið verða af því, krakkarnir skemmtu sér konunglega við að lita eldfjall í snjóinn og brostu hringinn þegar þessi mynd var tekin.



Aflafréttir

Góð veiði var í síðustu viku og komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 1276 tonn í 71 löndun dagana 16. til 22. janúar. Í Rífshöfn komu á land 882 tonn í 38, í Ólafsvíkurhöfn 367 tonn í 32 og á Arnarstapa komu á land 27 tonn í 1 löndun. Einn netabátur landaði þessa daga Bárður SH og landaði hann 113 tonn í 6 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Steinunn SH 56 tonn í 4, Egill SH 48 tonn í 3, Saxhamar SH 40 tonn í 3, Rífsari SH 34 tonn í 3, Matthías SH 32 tonn í 2, Magnús SH 29 tonn í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 16 tonn í 1 og Guðmundur Jensson SH 11 tonn í 2 löndunum. Hjá litlu línu bátunum landaði Særaf SH 69 tonn í 3, Gísli Súrsson GK 67 tonn í 4, Tryggvi Eðvarðs SH 56 tonn í 3, Stakkhamar SH 54 tonn í 4, Kristinn HU 50 tonn í 5, Lilja SH

48 tonn í 4, Bíldsey SH 40 tonn í 3, Gullhólmi SH 43 tonn í 2, Kviká SH 30 tonn í 3, Brynja SH 26 tonn í 4, Rán SH, Signý HU og Sverrir SH lönduðu hvert um sig 6 tonn í 1 löndun þessa daga. Þerna SH landaði 2 tonn og Kári SH 1 tonni í 1 löndun hvor. Hjá stóru línu bátunum landaði Tjaldur SH 210 tonn í 2, Örvur SH 107 tonn í 1 og Rífsnes SH 83 tonn í 1 löndun.

þa



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Styrkveitingar úr Uppbyggingasjóði

Þann 20. janúar síðastliðinn veittu Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi 81 styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands til verkefna sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutunum. Úthlutunarhátiðin fór fram í Breið nýsköpunarsetri á Akranesi. Alls var úthlutað styrkjum fyrir 48.080.000 króna en þetta er níunda árið sem sjóðurinn úthlutar styrkjum. Alls bárust 121 umsókn. Bæði er veitt styrki til menningarverkefna og atvinnu- og nýsköpunarverkefna í samræmi við Sóknarætlun Vesturlands en þetta var fyrri úthlutun ársins, síðsumar verður aftur úthlutað styrkjum til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Í þessari fyrri úthlutun ársins hlutu 57 verkefni á sviði menningar styrki sem námu 27.450.000 krónum, 19 verkefni hlutu styrki til atvinnuþróunar fyrir alls 15.880.000 krónur og 4.750.000 krónur fóru til 5 stofn- og rekstrarverkefna á sviði menningar. Styrkir sem rötuðu til Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar námu 7.000.000. Þar af voru atvinnu- og nýsköpunarstyrkir fyrir 1.500.000, menningarstyrkir fyrir 4.500.000 og einn stofn- og rekstrarstyrkur fyrir 1.000.000.

Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir
Kaffibrenslan Valeria heimsækir Kólombíu, Kanpo Ísland ehf., Marta Magnúsdóttir, 300.000.-

La Brújería, Alexandra Dögg Sigurðardóttir, 1.200.000.-

Menningarstyrkir

Söguskilti í Ólafsvík, Skógræktarfélag Ólafsvíkur, Vagn Ingólfs-son, 200.000.-

Sex viðburðir í Gestastofu Snæfellsness, Svæðisgarður Snæfellsness ses., Ragnhildur Sigurðardóttir 200.000.-

Vortónleikar 2023, Rakel Birgisdóttir, Sýlvía Rún Guðnýjardóttir, 200.000.-

Gamla Pakkhúsið í Ólafsvík, Hollvinafélag Pakkhússins Ólafsvíkur, Jenný Guðmundsdóttir, 300.000.-

Árstíðirnar, Lúðvík Karlsson, 300.000.-

Hljóðupptökur á tónlist karla-kórsins Heiðbjartar, Karla-kórinn Heiðbjört, Kristján Þórðar-son 300.000.-

Komum saman / Let's Come Together, Alicja Chajewska, 500.000.-

Listaverk vegna 70 ára afmælis Kvenfélags Ólafsvíkur, Kvenfélag Ólafsvíkur, Steiney Kristín Ólafsdóttir, 1.000.000.-

Skrímsla safarí: Skúlptúr-, fræðslu- og skemmtigarður, The Freezer ehf., Kári Viðarsson, 1.500.000.-

Stofn og rekstrarstyrkir

Sjóminjasafnið á Hellissandi, Sjóminjasafnið í Sjómannagarðin-um, Þóra Olsen, 1.000.000.-

Mannfjöldapróun í Snæfellsbæ og Grundarfirði

Hagstofan birti þann 20. janúar tölur yfir fjölda landsmanna í lok fjórða ársfjórðungs 2022.

Samtals bjuggu 387.800 manns á Íslandi í lok ársfjórðungsins, 199.840 karlar, 187.840 konur og kynsegin/annað voru 130. Landsmönnum fjölgaði um 2.570 á ársfjórðungnum. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 247.590 manns en 140.210 á landsbyggðinni.

Á fjórða ársfjórðungi 2022 fæddust 1.040 börn en 650 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust 2.120 einstaklingar til landsins umfram brottflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 60 umfram aðflutta en aðfluttir erlendir ríkisborgarar voru 2.170 fleiri en þeir sem fluttust frá landinu.

Þegar teknar eru saman tölur eftir ársfjórðungum frá fjórða ársfjórðungi 2012 og til þess fjórða á síðasta ári fyrir Grundarfjörð annarsvegar og Snæfellsbæ hinsvegar kemur í ljós að á þessu


tímabili hefur íbúum Snæfellsbæjar fækkað úr 1.720 í lok árs 2012 í 1.680 í lok árs 2022, á þessu tímabili urðu íbúar Snæfellsbæjar fæstir í lok árs 2016 og á fyrsta ársfjórðungi 2017 þegar þeir voru aðeins 1.620, fjöldi íbúa rokkar nokkuð eins og sjá má á meðfylgjandi grafi.

Í Grundarfirði hefur íbúum einnig fækkað nokkuð á sama tímabili eða úr 900 í lok árs 2012 í 860 í lok árs 2022, fæstir urðu Grundarfirðingar 830 í lok annars ársfjórðungs 2021 en síðan þá hefur verið fjölgun eins og sjá má á meðfylgjandi grafi.


Sem skýringu á heimasíðu Hagstofunnar er tekið fram að tekið er tillit til fæddra, látinna og búferlaflutninga fyrir viðmiðunardag sem tilkynnt var um innan 10 virkra daga frá lokum ársfjórðungs. Tölurnar geta því verið frábrugðnar mannfjöldatölum 1. janúar og miðárrsmannfjölda sem hafa aðra uppgjörsaðferð.

Allar tölur eru námundaðar að næsta tug.

jó



Þróun mannfjölda í Snæfellsbæ eftir ársfjórðungum frá fjórða ársfjórðungi 2012 til fjórða ársfjórðungs 2022



Þróun mannfjölda í Grundarfirði eftir ársfjórðungum frá fjórða ársfjórðungi 2012 til fjórða ársfjórðungs 2022

Auglýsing um breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag á Hellissandi og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2023 að auglýsa tillögur að breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig var samþykkt auglýsa deiliskipulag á báðum svæðum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga samhliða breytingum aðalskipulags.

Tillaga að breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Dritvíkurveg og Djúpálónssand í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Aðdragandi breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags er aukin umferð um svæðið og vaxandi þörf yfir bílastæði og þjónustuhús.

Í aðalskipulagi er AF-U-7 afþreyingar- og ferðamannasvæði stækkað úr um 70.000 m² í um 90.000 m² og lögun er breytt og verður eftir breytingu að auknu leyti neðan Útnesvegur. Einnig er gerð grein fyrir stækkun þjóðgarðsins sem hefur þegar átt sér stað. Vegna stækkunar þjóðgarðsins minnkar svæði 223 á náttúruminjaskrá.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýjum áningarstað norðvestan við gatnamót Dritvíkurvegur og Útnesvegur, til að minnka álag við Djúpálónssand. Rútustæði verða einnig í námu austan Útnesvegur. Í sérákvæðum kemur fram að reisa má einnar hæðar þjónustuhús, hámarkshæð byggingar 5.0 m frá gölfkóta.

Gögn: Aðalskipulagsuppdráttur, deiliskipulagsuppdráttur, tveir skýringaruppdrætti með deiliskipulagi og greinargerð deiliskipulags með umhverfismatsskýrslu beggja skipulagsstiga. Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og eru allar framkvæmdir háðar samþykki Umhverfisstofnunar.

Tillaga að breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi

Aðdragandi breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags er áhugi á að reisa og reka baðstað við Krossavík, en þar er vaxandi ferðamannastraumur. Fyrirhuguð mannvirki verði ofan gróðurbakka við ströndina, þar verði opin gönguleið og ekkert rask í fjöru.

Á uppdrætti vegna breytingar aðalskipulags er bætt inn nýju svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-2, sem er um 2.500 m², en þar var áður óbyggt svæði. Þar er fyrirhuguð að gera baðstaðinn og auk þess er gert ráð fyrir bílastæði austar.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 500 m² byggingum og allt að 1.200 m² útisvæði fyrir verönd og potta á svæði AF-2 og að bílastæði sem er um 200-250 m austan mannvirkja verði allt að 1.800 m².

Svæðið er á svæði 223 á náttúruminjaskrá og eru framkvæmdir háðar samráði við Umhverfisstofnun.

Gögn: Aðalskipulagsuppdráttur, deiliskipulagsuppdráttur, umhverfismatsskýrsla beggja skipulagsstiga.

Fylgirit I, Gróðurkortlagning á rannsóknarsvæði við Krossavík Lýsing og skýringar á gróðurfari, Guðmundur Guðjónsson 2022, unnið fyrir Snæfellsbæ og óstofnað félag.

Tillögurnar liggja frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi frá 26. janúar 2023 til 15 mars 2023 og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Tillaga að breytingum aðalskipulags ásamt umhverfismatsskýrslum verða jafnframt til kynningar hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7, Reykjavík.

Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar í síðasta lagi 15. mars 2022 í Ráðhús Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ eða á byggingarfulltrui@snb.is.

Bæjarstjóri Snæfellsbæjar.





Didrikson parka úlpa



Devold Kvitegga innanundirfatnaður
30% afsláttur



Strekkingur
vattfóðraður
kuldagalli

ÚRVAL AF STÍGVÉLUM FRÁ MAR WEAR



Master thermo



Explorer thermo



Alpha trace
high visibility



Ægir vattfóðraður
kuldagalli

 DIDRIKSONS

DEVOLD®





Didrikson
kuldagallar á börn



Waterman fóðraðir
pollagallar á börn



Ægir loðfóðraður
kuldagalli